

Skjal 2b/2018

Pingsköp á 70. þingi Norðurlandaráðs 2018

Ræðutími þingfulltrúa og fulltrúa ríkisstjórnanna

Forsætisnefndin leggur til

að þingmönnum Norðurlandaráðs verði veittar 3 mínútur til að kynna tillögur og nefndarálit. Önnur framlög í umræðu takmarkist við 2 mínútur;

að forsetinn sjái til þess að talsmönnum flokkahópa verði – ef kostur er – veittur ræðutími í samræmi við stærð hópanna;

að ríkisstjórnafulltrúar hafi 5 mínútur til að gera grein fyrir eða kynna tillögur. Önnur framlög í umræðu takmarkist við 2 mínútur.

Ræðutími áheyrnarfulltrúa

Forsætisnefndin leggur til

að fulltrúi þingmannaráðs Sama hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum „Tillögur og greinargerðir samstarfsráðherranna“. Ræðutími fulltrúa þingmannaráðs Sama er 2 mínútur.

Ræðutími gesta

Forsætisnefndin leggur til

að gestkomandi þingmenn hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum „Alþjóðlegt samstarf“. Ræðutími gesta er 2 mínútur;

að fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum „Tillögur og greinargerðir samstarfsráðherranna“. Ræðutími fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar er 2 mínútur.

Andsvör

Forsætisnefndin leggur til

að andsvör verði leyfð við öllum ræðum;

að fulltrúi, sem óskar eftir að veita andsvar við ræðu, gefi merki þar um meðan á ræðunni stendur eða undir lok hennar;

að sá sem andsvarinu er beint til fái tækifæri til að svara í beinu framhaldi af því;

að 1 mínútu ræðutími gildi um andsvör;



*að 1 mínútu ræðutími gildi um svör við andsvörum;
að sami fulltrúi fái tvö tækifæri til andsvara í hverri umferð orðaskipta.*

Sérlegur ræðutími

Ræðutími: Norrænn leiðtogafundur

Forsætisnefndin leggur til

*að fulltrúum ríkisstjórna verði veittar 5 mínútur í upphafsræðu og að síðan gefist kostur á að taka þátt í umræðu sem hér segir:
að þingmönnum verði veitt 1 mínúta til fyrirspurna og athugasemda;
að veittar verði 2 mínútur til að veita svar;
að forseti geti gefið þingmönnum orðið til að leggja fram framhaldsspurningu.*

Ræðutími: Alþjóðamál: Gestafyrirlesari

Forsætisnefndin leggur til

*að gestafyrirlesarinn hafi 10 mínútur til framsöguræðu;
að hverjum flokkahópi verði veitt 1 mínúta til einnar fyrirspurnar;
að gestafyrirlesara verði veitt 1 mínúta til að veita svar.*

Ræðutími: Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2019

Forsætisnefndin leggur til

*að forsætisráðherra Íslands verði veittar 7 mínútur til að kynna formennskuáætlun í Norrænu ráðherranefndinni 2019 og að síðan gefist kostur á að taka þátt í umræðu sem hér segir:
að þingmönnum verði veitt 1 mínúta til fyrirspurna og athugasemda;
að veittar verði 2 mínútur til að veita svar;
að forseti geti gefið þingmönnum orðið til að leggja fram framhaldsspurningu.*

Ræðutími: Tillögur og skýrslur samstarfsráðherranna

Forsætisnefndin leggur til

*að þingmönnum verði veitt 1 mínúta til að leggja fram fyrirspurn;
að veittar verði 2 mínútur til að veita svar;
að forseti geti gefið þingmönnum orðið til að leggja fram framhaldsspurningu.*

Ræðutími: Nýjar þingmannatillögur



Forsætisnefndin leggur til

að þingmönnum Norðurlandaráðs verði veittar 3 mínútur til að kynna nýjar þingmannatillögur og að síðan gefist kostur á að taka þátt í umræðu sem hér segir:

að þingmönnum verði veitt 1 mínúta til að veita andsvar;

að veitt verði 1 mínúta til að veita svar við andsvari;

að forseti geti gefið þingmönnum orðið til að leggja fram framhaldsspurningu.

Ræðutími: Áætlun Norðurlandaráðs fyrir árið 2019

Forsætisnefndin leggur til

að nýkjörnum forseta verði veittar 7 mínútur til að kynna formennskuáætlun í Norðurlandaráði fyrir 2019 og að síðan gefist kostur á að taka þátt í umræðu sem hér segir:

að þingmönnum verði veitt 1 mínúta til fyrirspurna og athugasemda;

að veittar verði 2 mínútur til að veita svar;

að forseti geti gefið þingmönnum orðið til að leggja fram framhaldsspurningu.

Heimild til að ljúka umræðum

Forsætisnefndin leggur til

að allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður hefur verið;

að forseta sé heimilt að ljúka umræðu þegar áætlaður tími er útrunninn.

Sætaskipan í salnum

Forsætisnefndin leggur til

að þingmenn Norðurlandaráðs sitji með flokkahópum sínum. Vinstri flokkarnir sitji ef kostur er vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin, séð frá ræðustól.

Atkvæðagreiðsla

Forsætisnefndin leggur til

að atkvæðagreiðsla verði rafræn ef kostur er. Sé slíkur búnaður ekki fyrir hendi er notast við atkvæðaseðla og skriffæri.



Forsætisnefndin vísar að öðru leyti til starfsreglna Norðurlandaráðs.